

Leiðbeiningar við útfyllingu eyðublaða vegna nýrra umsókna

Í skjalinu eru 14 flipar

1 - Upplýsingar – áriðandi er að lesa þann flipa vel.
Fylla þarf inn upplýsingar um fyrirtækið, þ.e. nafn og kt.

Leiðbeiningar um útfyllingu er að finna í sérstöku skjali og i athugasemdum við reiti.

Fyllið út upplýsingar í gráu reitina

Tegund skýrslu: 1 = Áætlun, 2 = Rauntölur 2	Rauntölur
Fjárhagsár: 2019	
Nafn: Bestuferðirnar	
Kennitala: 123456-7890	

Sala pakkaferða og samtengdrar ferðartilhögunar er tryggingaskyld.

2 – Rekstrar- og greiðsluáætlun – tekjur færast sjálfkrafa inn úr mánaðaflipunum í rekstraráætlun en gjaldaliðina þarf að færa inn og greiðsluáætlun þarf að fylla út að öllu leyti.

3 - 14 Eyðublöð vegna hvers mánaðar

Athugið að fylla ber inn upplýsingar um alla veltu fyrirtækisins. Jafnt tryggingarskylda og þá sem undanþegin er tryggingarskylda. Heildarvelta á samtölublaði vegna greiningar á rauntölum (næstliðið ár) skal vera sú sama og heildarvelta samkvæmt ársreikningi þess árs.

Þar er að finna svæði til að fylla inn upplýsingar um:

- Tryggingarskylda veltu
- Veltu undanþegna tryggingarskyldu,
 - annars vegar pakkaferðir sem að tilheyra tryggingarskyldri veltu annars seljanda (annarrar ferðaskrifstofu) og
 - hinsvegar aðra veltu sem undanþegin er tryggingarskyldu.

Fara þarf niður flipann til að finna svæði vegna veltu sem undanþegin er tryggingarskyldu.

Tryggingarskyld velta

Í þennan hluta skal skrá upplýsingar um alla tryggingarskylda veltu ferðaskrifstofunnar / seljandans. Þegar talað er um ferðir er átt við pakkaferðir og samtengda ferðartilhögun.

ATH vegna allra ferða sem eru skráðar þarf að fylla inn upplýsingar um eftirfarandi:

Nafn eða lýsing ferðar

Heildarsöluverð

Heildarfjárhæð staðfestingargreiðslna

Fjöldi ferða

Fjöldi ferðamanna

Lengd ferða í dögum

Fjöldi daga frá lokagreiðslu til upphafs ferðar

Nota ber heilar tölur 0 eða stærri – ekki mínus.

Nafn eða lýsing ferðar

Hér skal skrá heiti ferðar eða lýsingu á ferð.

Heiti ferða verða að vera lýsandi og í samræmi við heiti sem finna má á vef ferðaskrifstofunnar og í öðru kynningarefni. Ef um sérsniðnar ferðir er að ræða þarf að taka það fram.

Tegund skýrslu:	Rauntölur
Fjárhagsár:	2019
Nafn:	Bestuferðirnar
Kennitala:	123456-7890

Tryggingarskyld velta

Nafn eða lýsing ferðar	Heildarsöluverð pakkaferðar	Heildarsöluverð v. samtengdrar ferðatilhögunar	Samtals tryggingarskyld velta	Heildar-fjárhæð staðfestingar-greiðslna	Fjöldi ferða	Fjöldi ferða-manna	Lengd ferða í dögum	Fjöldi daga frá lokagreiðslu til upphafs ferðar
Skemmtilegasta ferðin til Tene	5.000.000		5.000.000	1.000.000	2	20	10	40
Gönguferð um Vestfirði	1.000.000		1.000.000	100.000	1	12	4	15
Manchester - Liverpool	1.300.000		1.300.000	350.000	1	10	3	30
Jones fjölskyldan hringferð	10.500.000		10.500.000	2.000.000	1	4	14	20
			0					
			0					
			0					

Athugasemdir

Fjöldi daga frá lokagreiðslu til upphafs ferðar er

Ef ferðir eru samskonar/til sama staðar þarf ekki að skrá hverja og eina ferð, safna má samskonar ferðum í mánuðinum í eina línu.

Ef þær ferðir sem teknar eru saman í eina línu eru mislangar þarf að gæta að því að reikna út meðallengd (vegið meðaltal) ferða. (Heimilt er að skrá hverja bókun fyrir sig eða skrá ferð óháð fjölda bókana t.d. ein ferð til Tenerife sem felur í sér 50 bókanir og 150 ferðamenn).

Dæmi: Í mánuðinum eru fjórar brottfarir til Tenerife vegna vikuferða. Þá má skrá hér Tenerife – vika. Einnig er hægt að taka saman allar ferðir t.d. til Tenerife í mánuði en þá þarf að reikna meðallengd ferða í dögum (vegið meðaltal miðað við fjölda farþega).

Heildarsöluverð pakkaferðar

Samanlögð fjárhæð sem ferðaskrifstofa/seljandi fær greidda fyrir þær ferðir sem skráðar eru í línuna (ef hver bókun fyrir sig er skráð skal skrá heildarverð bókunarinnar sem greidd er af ferðamanni til seljanda).

Dæmi: Fjórar vikuferðir til Tenerife, verð á mann er kr. 200.000.-, samtals eru 100 farþegar í öllum ferðunum. Í reitinn færast kr. 20.000.000.-

Heildarsöluverð samtengdrar ferðatilhögunar

Samanlögð fjárhæð þeirra greiðslna sem að ferðaskrifstofan tekur við vegna samtengdrar ferðatilhögunar (einungis greiðslur sem ferðaskrifstofan tekur við, ekki fjárhæðir sem greiddar eru til annarra þjónustuaðila).

ATH Samtengd ferðatilhögun er ekki algeng og verður aðeins til ef að eftir að gengið er frá sölu á einum þjónustuþætti, t.d. flugi og í beinu framhaldi fær viðskiptavinur bókanlegt tilboð um að bæta við þjónustu og hann gengur að því innan 24 klst. frá því að fyrstu kaupum er lokið.

Á vef Ferðamálastofu er að finna flæðirit sem skýrir hvað samtengd ferðatilhögun er

<https://www.ferdamalastofa.is/is/leyfi-og-loggjof/ferdaskrifstofur/samtengd-ferdatilhogun-flaeditrit>

Ekki skal skrá upplýsingar um samtengda ferðatilhögun í sömu línu og upplýsingar um pakkaferð.

Samtals tryggingarskyld velta

Ekki þarf að fylla í þennan dálk, upphæð reiknast sjálfkrafa og er samanlagt heildarsöluverð pakkaferða og samtengdrar ferðatilhögunar.

Heildarfjárhæð staðfestingargreiðslna

Samanlögð upphæð allra staðfestingargreiðslna sem mótteknar eru vegna þeirra ferða sem skráðar eru í línuna.

Dæmi: 100 farþegar í ferð, 50 farþegar greiða kr. 20.000.- í staðfestingargjald, 30 farþegar greiða kr. 30.000.- í staðfestingargjald, 20 farþegar greiða ekki staðfestingargjald því þeir greiða ferðina að fullu við bókun. Talan sem færast í þennan reit er: $50 \cdot 20.000.- + 30 \cdot 30.000 = 1.900.000.-$

ATH Staðfestingargreiðsla er fyrsta greiðsla inn á ferð. Ef ferð er greidd í einni greiðslu er það ekki staðfestingargreiðsla. Staðfestingargreiðslur geta því aldrei orðið jafn háar og heildarsöluverð pakkaferðar.

Ef engar staðfestingargreiðslur eru greiddar vegna viðkomandi ferðar færast 0 í þennan reit.

Fjöldi ferða

Hér skal skrá fjölda brottfara sem eiga við um þessa línu.

Fjöldi ferðamanna

Samanlagður fjöldi ferðamanna sem fer í viðkomandi ferðir. Ef skráðar eru 4 ferðir til Tenerife og 50 farþegar í hverri ferð er fjöldinn 200.

Lengd ferða í dögum

Hér skal skrá hversu langar ferðirnar eru í dögum. Sé lengd ferðar sú sama hjá öllum farþegum skal skrá lengd hennar.

Dæmi: Ef um er að ræða fjögurra daga borgarferð skal skrá 4 í þennan reit.

Ef lengd skráðra ferða er mismunandi þarf að skrá vegið meðaltal lengdar ferðanna.

Dæmi: Skráðar ferðir til Tenerife eru mislangar. 50 farþegar eru í 11 daga, 150 farþegar eru í 7 daga og 120 farþegar eru í 14 daga. Í reitinn er fært $(50 \cdot 11 + 150 \cdot 7 + 120 \cdot 14) / 320 = 10,25$. Meðallengd ferðanna er 10,25 dagar (reiknað er vegið meðaltal).

Fjöldi daga frá lokagreiðslu til upphafs ferðar

Meðaltals fjöldi (vegið meðaltal) daga frá því að farþegar greiða ferð að fullu þar til að ferðin er farin.

Dæmi: 100 farþegar eru í ferð. 30 farþegar greiða ferð að fullu 45 dögum fyrir brottför, 40 farþegar greiða ferð að fullu 30 dögum fyrir brottför, 30 farþegar greiða ferð að fullu 15 dögum fyrir brottför. Í reitinn er fært $(30 \cdot 45 + 40 \cdot 30 + 30 \cdot 15) / 100 = 30$ dagar (reiknað er vegið meðaltal).

ATH Þessi dagafjöldi getur ekki orðið minni en 0. Ef ferðir eru greiddar eftir að þær hefjast skráist 0 í reitinn.

Velta undanþegin tryggingarskyldu

Í þennan hluta skal skrá upplýsingar um veltu sem er undanþegin tryggingarskyldu leyfishafa.

Pakkaferðir sem tilheyra tryggingarskyldri veltu annarrar ferðaskrifstofu

Hér skal skrá upplýsingar um pakkaferðir sem falla undir tryggingarskyldu annarrar ferðaskrifstofu/annars seljanda.

Fylla þarf inn:

Nafn viðkomandi söluaðila

Kennitölu ef um íslenskan aðila er að ræða annars staðfestuland.

Nafn eða lýsing ferðar

Heildarsöluverð pakkaferðar

Velta undanþegin tryggingarskyldu			
Tegund skýrslu: Rauntölur		Pakkaferðir sem tilheyra tryggingarskyldri veltu annarra seljanda	
Fjárhagsár: 2019	Nafn: Bestuferðirnar	Fylla þarf í alla dálka	
Kennitala: 123456-7890			
Nafn tryggingarskylds aðila	Kennitala / land	Nafn eða lýsing ferðar	Heildarsöluverð pakkaferðar
Happy Tours	Bertland	Hringferð um suðurland	3.000.000
Allra bestu ferðirnar	123123-5679	Drangajökull ganga og gleði	2.000.000

Ef pakkaferð, samsett af skipuleggjanda, er seld af smásala og samið hefur verið um að smásalinn uppfylli tryggingarskyldu vegna hennar þá skal skipuleggjandinn skrá upplýsingar um smásalann hérna. Veltan er þá undanþegin tryggingarskyldu skipuleggjandans.

Ef smásalinn selur pakkaferð, samsetta af skipuleggjanda, og skipuleggjandinn er tryggingarskyldur fyrir ferðinni þá skal skrá upplýsingar um skipuleggjandann hér. Veltan er þá undanþegin tryggingarskyldu smásalans.

ATH Sérstaklega er bent á 3. mgr. 3. gr. reglugerðar um tryggingar vegna pakkaferða og samtengdrar ferðatilhögunar nr. 150/2019:

Skipuleggjandi er tryggingarskyldur fyrir þeim ferðum sem hann selur til ferðamanna. Skipuleggjandi er einnig tryggingarskyldur fyrir þeim ferðum sem hann setur saman en eru seldar til ferðamanna af smásala, nema skipuleggjandinn sýni fram á að smásalinn uppfylli tryggingarskyldu fyrir þeim ferðum sem hann selur.

Skipuleggjandi þarf að geta lagt fram sönnun á því að smásali beri tryggingarskyldu hafi verið samið þannig.

Önnur velta undanþegin tryggingarskyldu

Gera þarf grein fyrir allri veltu annarri en sölu á pakkaferðum og samtengdri ferðatilhögun. Gefa skal veltuna upp eftir tekjuflokkum. Ekki er nægilegt að skrifa t.d. „önnur sala“.

Dæmi: Sala dagsferða, sala flugmiða, önnur starfsemi o.s.frv. eftir því sem við á.

Önnur velta undanþegin tryggingarskyldu eftir tekjuflokkum	Fjárhæð
Dagsferðir	600.000
Sala minnjagripa	50.000
Verktakavinna - akstur	900.000

Vinsamlega athugið:

Skilið skjölunum inn sem Excel-skjölum – ekki breyta í PDF því Ferðamálastofa þarf að vinna áfram með gögnin.

Skila þarf undirritaðri staðfestingu endurskoðanda/skoðunarmanns/framkvæmdastjóra um að tryggingarskyld velta síðastliðins árs sé rétt eins og hún er sett fram og að bókhald samræmist reglugerð um tryggingar vegna sölu pakkaferða og samtengdrar ferðatilhögunar nr. 150/2019, eyðublað fyrir staðfestingu er að finna á vef Ferðamálastofu.

Eyðublaðið þarf að fylla út, prenta, undirrita og skanna inn til að skila í gegnum þjónustugátt.